



Alþingi
Erindi nr. P 127/1513
komudagur 26. 3. 2002

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8 – 10
150 Reykjavík

Reykjavík 25. mars 2002

Efni: Umsögn vegna frumvarps til laga um opinberan stuðning við vísindarannsóknir,


Framkvæmdastjóri og sérfræðingar Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins hafa farið yfir ofangreint frumvarp og vilja koma eftirfarandi athugasemd á framfæri. Tekið skal fram að ekki hefur gefist tækifæri til að kynna efni frumvarpsins fyrir stjórn sjóðsins.

Bent er á, að í 5. grein frumvarpsins kemur fram að lagt skuli mat á vísindagildi rannsóknanna á alþjóðlegan mælikvarða eða líkur á skráningu einkaleyfis eða hugverkaréttinda eftir því sem við á. Rétt er að horfa til þessa, þegar í 8. grein er fjallað um birtingu niðurstaðna úr rannsóknum, sem kostaðar eru með styrkjum úr Rannsóknasjóði og Rannsóknarnámssjóði.

Greinin, 3ja málsgr. 8. gr. frumvarpsins á bls. 3, gæti því verið svohljóðandi:

“Niðurstöður rannsókna, sem kostaðar eru með styrkjum úr Rannsóknasjóði og Rannsóknarnámssjóði, skulu birtar opinberlega og vera öllum opnar nema um annað sé samið. Ef niðurstaða rannsókna getur leitt til einkaleyfisumsóknar eða annars konar skráningu á hugverkaréttindum skulu niðurstöður ekki birtar fyrr en slík umsókn hefur verið lögð inn hjá yfirvöldum og öll formsatriði þar að lútandi verið uppfyllt.”

Virðingarfyllt,
f.h. Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins


Úlfar Steindórsson, framkvæmdastjóri.